Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun	Heilbrigðisráðuneyti í samvinnu við dreifiveitur og stofnanir	ANR/OS-raforka SRN/PFS-fjarskipti	Kallar mögulega á fjárveitingu
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.6, öll landshlutasamtök	Drög að orkustefnu horfa m.a. til orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt	
Skýring – tillaga - staða	Í samræmi við niðurstöður greiningar verði gerð áætlun um uppbyggingu varaafis í öllum landshlutum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Orkustofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Orkustofnunar yfir varaafli í raforkukerfi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Póst- og fjarskiptastofnunar yfir varaafli í fjarskiptakerfi. Sjá aðgerðir um yfirsýn LAN-105 og LAN-111.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi - Fráveitukerfi		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-123 – Fráveituframkvæmdir 2020-2030		
<b>Lýsing</b>	Framkvæmdir í nýrri fráveituáætlun, sjá VEL-52, VEF-61, NOV-60, NOE-78, AUS-58, SUL-53, SUN-43, HÖF-42		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Sveitarfélög / Veitufyrirtæki	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Kallar á fjárveitingu frá ríki og sveitarfélögum
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2021-2030	Áætlanagerð á hendi sveitarfélaga	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.6	Skýrsla vinnuhóps UAR, FJR, SRN og Samband íslenskra sveitarfélaga	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Framkvæmdir við fráveitur, þ.m.t. sniðræsi, hreinsivirki, útrásir og hreinsun ofanvatns. Vinnuhópur umhverfis- og auðlindaráðherra, sem í sitja fulltrúar fjármálaráðuneytis, samgöngu- sveitarstjórnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, er að störfum við útgáfu skýrslu um fyrirkomulag stuðnings ríkisins við sveitarfélög vegna fráveituframkvæmda.		

## 1.7 Orkukerfi

<b>Innviður -/ nánar</b>	Orkukerfi – Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-056 – Ferli leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku		
<b>Lýsing</b>	Endurhönnun á leyfisveitingaferli vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku. Samræming ferla, einföldun, skilvirkni, o.fl. sjá LAN-003 og LAN-132		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Ýmsir aðilar (umhverfis- og auðlindaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Skipulagsstofnun, sveitarfélög, Orkustofnun, Landsnet)	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Kallar á fjárveitingu vegna mönnunar Skipulagsstofnunar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Flýtt / í vinnslu	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við stjórnarsáttmála og þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Fyrir liggja tillögur leyfisveitingahóps um breytingar á ferli leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku (sjá heimildir). Hópurinn vinni áfram tillögur að lagatexta. Skoðað verði að taka einnig tillit til framkvæmda vegna annarra innviða svo sem fjarskipta, vega og hafna. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti fylgi aðgerðinni eftir. Tengist einnig LAN-003 vegna mönnunar stofnana.		



### 1.7.1 Varaafl

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-100 Varaafl – Skilgreiningar á grunnviðmiðum um varaafli		
<b>Lýsing</b>	Skilgreining á þörf, flokkun, samningum, nýtingu, forgangi, rekstraröryggi, eignarhaldi og rekstri varaafli		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Orkustofnun. Í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og önnur ráðuneyti	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Verkefnið felur m.a. í sér skilgreiningu á: Þörf fyrir varaafli (svæðaskipt), flokkun varaafli eftir mismunandi hlutverki, varaafli í samningum, nýtingu í neyð, forgang í notkun, reglur sem tryggja rekstraröryggi varaafli, reglur um reglulega gangsetningu varaafli svéla (sjá einnig LAN-067).		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-067 Varaafli-Leiðbeiningar og vitundarvakning		
<b>Lýsing</b>	Gerð leiðbeininga um rekstur og viðhald varaafli til þeirra aðila sem eiga, sem og vitundarvakning		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Orkustofnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við áherslur er fram koma í stefnu í almannavarna- og öryggismálum	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Í fávísu kom í ljós að ekki voru allar uppsettar varavélar nothæfar sökum ónógs viðhalds og prófana. Þörf er fyrir gerð leiðbeininga og dreifingu þeirra til eigenda varaafli.		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-007 Varaafli – Heildaryfirsýn yfir tiltækt varaafli í raforku		
<b>Lýsing</b>	Kortleggja heildar yfirsýn yfir tiltækt varaafli í raforku		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Orkustofnun. Í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og önnur ráðuneyti	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Um er að ræða varaafli sem til staðar er í flutningskerfi raforku og dreifikerfi raforku, fast og færanlegt. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila umsjónar, reglulegrar (árlegrar) uppfærslu og tiltækileika þessara upplýsinga.		





<b>Nr/heighti aðgerðar</b>	LAN-105 Varaafl – Heildaryfirsýn yfir varaafliþörf innviða í landinu - kortlagning		
<b>Lýsing</b>	111, 043, 099, 103, 087, 098, 088, 069, 089, 083		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Orkustofnun. Í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og önnur ráðuneyti	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Aðgerðin felst í að taka saman og viðhalda reglulega (árlega) upplýsingum frá öðrum ráðuneytum um varaafliþörf allra innviða svo sem í flutningskerfi raforku, dreifikerfi raforku, fjarskipti, stjórnsýslustofnanir, veitustofnanir (hitaveitur, vatnsveitur, fráveitur), heilbrigðisstofnanir og sjúklinga, bensínstöðvar, dýrahald (róbatafjós, kjúklingabú, svínabú), matvöruverslanir, matvælaframleiðsla, fjöldahjálparstöðvar, flugvelli, viðbragðsaðilar (lögregla, slökkvistöðvar, björgunarsveitir, landhelgisgæslan), o.fl.		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi -Raforka		
<b>Nr/heighti aðgerðar</b>	LAN-064 Varaafl – Skipulag – Uppbygging - Flutningskerfið		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á stöðu og skipulagi færanlegra og staðbundinna varaafliþöfva flutningskerfis		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Landsnet	Orkustofnun	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Liggur fyrir 2020 - flýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, Landsnet, öll landshlutasamtök	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir. Slóð í Framkvæmdaáætlun Landsnets 2020-2022	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Landsnet hefur farið yfir stöðu og skipulag varaafli á sínum vegum. Fyrir liggur samþykkt áætlun um kaup Landsnets á færanlegu varaafli á árinu 2020. Flýta áformum um kaup á varaafli og endurskoða lágmarksþörf vegna flutningskerfisins. Ákvarða þarf staðsetningu stöðva. Möguleiki er á flutningi þeirra með varðskipi á áfangastað í neyð. Hlutverk Landsnets er ekki skýrt í því hver ber ábyrgð á varaafli. Afgreiðsla aðgerðar LAN-100 í úrvinnslu Orkustofnunar/atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis mun skýra það.		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Raforka		
<b>Nr/heighti aðgerðar</b>	LAN-059 Raforkuöryggi		
<b>Lýsing</b>	Ýmsar grundvallar skilgreiningar á raforkuöryggi og yfirsýn yfir stjórnun varaafli		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti / Orkustofnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við drög að Orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, hvernig treysta megi flutnings- og dreifikerfi raforku, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Gera þarf grein fyrir ýmsum grundvallar skilgreiningum er varða orkuöryggi svo sem hvað er langvarandi rof, hvað er lágmarks þjónusta.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Orkukerfi - Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-069 Varaafl – Uppbygging		
<b>Lýsing</b>	14, HÖF-20		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	ANR/OS-raforka SRN/PFS-fjarskipti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við drög að Orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísu, hvernig treysta megi flutnings- og dreifikerfi raforku, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Fram kom að erfitt hefði verið að nálgast eldsneyti á sumum stöðum og kólnað hafi í húsum vegna skorts á raforku, þörf væri á yfirferð og úrbótum á tiltækileika varaafis og handvirkra stýringa. Í samræmi við niðurstöður greiningar verði gerð áætlun um uppbyggingu varaafis í öllum landshlutum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Orkustofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Orkustofnunar yfir varaafli í raforkukerfi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Póst- og fjarskiptastofnunar yfir varaafli í fjarskiptakerfi. Sjá aðgerðir um yfirsýn LAN-105 og LAN-111.		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-063 Varaafl-endurnýjanleg orka		
<b>Lýsing</b>	Athugun á notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir varaafstöðvar		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Orkustofnun	ANR	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2022	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Til að draga úr kolefnisfótspori og sporna gegn aukinn notkun jarðefnaeldsneytis vegna varaafis er æskilegt að skoðað sé hvernig nýta má endurnýjanlega orkugjafa fyrir vararafstöðvar, sjá LAN-060 smávirðjanir sem varaafli.		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-066 Varaafl – Skipulag – Uppbygging - Dreifiveitur		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á stöðu og skipulagi færanlegra og staðbundinna varaafstöðva dreifikerfis		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	RARIK og Orkubú Vestfjarða, sem og aðrar dreifiveitur	Orkustofnun	Kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, RARIK, Orkubú Vestfjarða	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísu, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Í fárviðrinu kom í ljós að skortur var á varaafstöðvum á Norðurlandi. Yfirfara þarf umfang og staðsetningu slíks búnaðar með úrbætur í huga. Flýta áformum um kaup á varaafli og endurskoða lágmarkspörf.		



## 1.7.2 Raforkuflutningskerfi

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-054 Flutningskerfið		
Lýsing	Flýting á langtímaáætlun. N-1 (tvær flutningsleiðir að afhendingarstað) í svæðisflutningskerfi raforku á Snæfellsnesi, Vestmannaeyjum, Húsavík og Prestbakka (flutningskerfið)		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Landsnet	Orkustofnun	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2030	Flýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Landsnet, landshlutasamtök SSV, SASS	Kerfisáætlun 2020-2029. Í samræmi við þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku (flýting um 10 ár). Í samræmi við Kerfisáætlun. Í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála	
Skýringar – tillaga - staða	Eftirtaldir framkvæmdir eru allar á langtímaáætlun Landsnets eftir 2030 (2030 til 2040) til samræmis við stefnu stjórnvalda um N-1 í landshlutakerfum fyrir 2040. Mögulegt er að flýta öllum þessum framkvæmdum, eða hluta þeirra þannig að hægt sé að tvítengja þessa staði fyrir 2030.		

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-055 Flutningskerfi		
Lýsing	Yfirferð á hönnunarforsendum flutningsmannvirkja m.t.t. áður óþekktra aftakaveðra		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Landsnet	Orkustofnun	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Í vinnslu	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkubú Vestfjarða, NSR	Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína	
Skýringar – tillaga - staða	Enn er verið að vinna úr upplýsingum varðandi veðrið og afleiðingar þess, en líklegast er að ekki sé ástæða til að breyta hönnunarforsendum m.t.t. aftakaveðra. Fyrstu niðurstöður benda til að veðrið í desember 2019 hafi verið „50 ára veður“, þ.e. að líkindi eru til þess að slík veður komi á um 50 ára fresti. Þær línur sem verst fóru eru nokkurra áratuga gamlar tréstaurlínur sem voru hannaðar skv. úreltum stöðlum, t.d. Dalvíkurlína (DA1) og Kópaskerslína (KS1). Nýjar línur sem lentu í sömu áraun stóðust veðrið með ágætum, t.d. Þeistareykjalína (TR1) og nýjasta Kröflulínan (KR4).		



Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-061 Tengivirki og spennistöðvar flutningskerfis		
Lýsing	Yfirbygging tengivirkja og spennistöðva í flutningskerfi raforku, sjá einnig aðgerðir í landshlutum		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Landsnet	Orkustofnun	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2040	Flýtt og aukin	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Landsnet, RARIK, Orkubú Vestfjarða, landshluta-samtök SSSNV, Eyþing	Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og orkustefnu	
Skýring – tillaga - staða	Í fávindrinu kom vel í ljós sú áraun sem raforkumannvirki geta orðið fyrir vegna vinds, ísingar og seltu. Stefna Landsnets sem flutningsfyrirtækis er að ný tengivirki séu yfirbyggð og til að draga úr veðuráraun er unnið að áætlun um yfirbyggingu eldri mannvirkja. Mörg yfirbyggð tengivirki eru á áætlun fram til 2030: VEL-10, VEF-16, AUS-30, SUL-25, SUN-19, HÖF-10. Hæpið er að ná að endurbýggja 27 tengivirki ásamt byggingu á þeim nýju tengivirkjum sem nú þegar eru á áætlun fyrir 2030. Lagt er til að yfirbyggingu verði náð 2040.		

Innviður -/ nánar	Orkukerfi – Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-132 – Forgangur í stjórnsýslu vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku		
Lýsing	Bæting á málshraða hjá Skipulagsstofnun og forgangur mála í stjórnsýslu vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku (mat á umhverfisáhrifum og skipulagsbreytingar).		
Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Skipulagsstofnun	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Kallar á fjárveitingu vegna mönnunar Skipulagsstofnunar
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt / í vinnslu	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, minnisblað undirhóps til átakshóps, Ork	Í samræmi við tillögur undirhóps í minnisblaði til átakshóps. Í samræmi við stjórnarsáttmála og þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku	
Skýring – tillaga - staða	Fyrir liggja tillögur leyfisveitingahóps um breytingar á ferli leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku (sjá heimildir). Þar er lagt til að sem fyrsta skref, og forgangsmál, verði aðgerðir „til að flýta strax fyrir stjórnsýslu mála er varða flutningskerfi raforku þar sem undirbúningur er þegar hafinn.“ Annars vegar að bæta málsmeðferðarhraða hjá Skipulagsstofnun vegna stjórnsýslu, mats á umhverfisáhrifum og skipulagsbreytingum, með fjölgun stöðugilda hjá stofnuninni. Hins vegar forgangur mála er varða mat á umhverfisáhrifum og skipulagsbreytingum vegna framkvæmda við flutningskerfi raforku. Tengist einnig LAN-003 vegna mönnunar stofnana og LAN-056.		



### 1.7.3 Raforkudreifikerfi

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-052 Dreifikerfi		
Lýsing	Flýta lagningu dreifikerfis raforku í jörðu og þrífassavæðing til 2025 í stað 2035, sjá VEF-05.		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Orkubú Vestfjarða	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti /Orkustofnun	Kallar á fjárveitingu til að flýta framkvæmdum til 2025
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2025	Flýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun	Í samræmi við drög að orkustefnu hvernig megi treysta flutnings- og dreifikerfi raforku. Í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína	
Skýring – tillaga - staða	<u>Landsáttak í jarðstrengjavæðingu (þrífösun)</u> Endurnýjun loftlína með þriggja fasa jarðstrengjum eykur gæði gagnvart einkum stærri notendum og þol allra gegn veðri og öðrum truflanavöldum. Um þriðjungur af dreifikerfi RARIK og Orkubús Vestfjarða í dreifibýli samanstendur enn af einfasa loftlínunum. Núverandi framkvæmdaáætlanir fyrirtækjanna gera ráð fyrir að endurnýjun gagnvart lögheimilum og helstu atvinnustarfsemi ljúki árið 2035. Til stendur að endurskilgreina svæðisbundið átak ríkisins sem hófst 2019 þannig að endurnýjun á landsvísu ljúki að langmestu leyti mun fyrr, eða árið 2025. Í janúar 2020 er um það bil 60% af dreifikerfi Orkubús Vestfjarða komið í jörð og um 79 % íbúa hafa aðgang að þriggja fasa tengingu.		

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-053 Dreifikerfi		
Lýsing	Flýting á lagningu dreifikerfis raforku í jörðu og þrífassavæðing til 2025/2030 í stað 2035. Flýting til 2025, sjá verkefni: VEL-16, NOV-22, AUS-18, AUS-19, NOE-34, SUD-13		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	RARIK	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti /Orkustofnun	Kallar á fjárveitingu til að flýta framkvæmdum til 2025/2030
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2035/2020-2025	Á áætlun og flýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, RARIK, Orkustofnun	Í samræmi við drög að orkustefnu um hvernig megi treysta flutnings- og dreifikerfi raforku. Í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína	
Skýring – tillaga - staða	<u>Landsáttak í jarðstrengjavæðingu (þrífösun)</u> Endurnýjun loftlína með þriggja fasa jarðstrengjum eykur gæði gagnvart einkum stærri notendum og þol allra gegn veðri og öðrum truflanavöldum. Um þriðjungur af dreifikerfi RARIK og Orkubús Vestfjarða í dreifibýli samanstendur enn af einfasa loftlínunum. Núverandi framkvæmdaáætlanir fyrirtækjanna gera ráð fyrir að endurnýjun gagnvart lögheimilum og helstu atvinnustarfsemi ljúki árið 2030. Til stendur að endurskilgreina svæðisbundið átak ríkisins sem hófst 2019 þannig að endurnýjun á landsvísu ljúki mun fyrr, eða árið 2025. Jarðstrengjavæðingu fáeinna leiða með mjög fáum notendum verður lokið 2030 (var áður 2035). Í janúar 2020 er um það bil 66% af dreifikerfi RARIK komið í jörð. Á Vesturlandi eru hlutfallið 54%, Norðurlandi vestra 61%, Norðurlandi eystra 70%, Austurlandi 46%, Suðurlandi 75%.		



Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-062 Tengivirki og spennistöðvar dreifikerfis		
Lýsing	Yfirbygging tengivirkja og spennistöðva dreifikerfis		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Dreifiveitur (aðallega RARIK og Orkubú Vestfjarða)	Orkustofnun	Kann að hluta til að kalla á fjárveitingu (til að halda utan gjaldskrárhækkana)
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2025	Á áætlun	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, RARIK Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og orkustefnu. Í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína		
Skýring – tillaga - staða	<p>Verkefni í samvinnu Orkubús Vestfjarða og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, en unnið hefur verið að sameiginlegri áætlun um flýtingu, vinnu lýkur ekki fyrir lok febrúar 2020.</p> <p>Í fárviðrinu kom vel í ljós sú áraun sem raforkumannvirki geta orðið fyrir vegna vinds, ísingar og seltu. Stefna dreifiveitna er að ný tengivirki og spennistöðvar séu yfirbyggð og til að draga úr veður áraun er unnið að áætlun um yfirbyggingu eldri mannvirkja, sjá einnig ýmsar aðgerðir RARIK og Orkubús Vestfjarða í landshlutum.</p> <p>RARIK er með örfá útitingvirki í rekstri og öll nema eitt eru ýmist þegar í framkvæmd eða á áætlun fram til ársins 2025. Þetta á við um Skagaströnd (2022), Kópasker (sameign með Landneti, á áætlun 2021), Stöðvarfjörður (2021) og Breiðdalsvík (klárast 2020). Á Þórshöfn er einnig útitingvirki en yfirbyggt tengivirki þar er ekki á áætlun fyrir 2025.</p>		

#### 1.7.4 Raforkuvinnsla

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-060 Smávirðjani		
Lýsing	Notkun smávirðjana sem varaafis og yfirferð á öryggiskröfum smávirðjana (öryggi, tenging við netið)		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Orkustofnun	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2022	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Aðgerð 17 Raforkukerfið 2018, Samtök iðnaðarins 2017, landshlutasamtök SSV, SSVN og Eyþing Í samræmi við drög að Orkustefnu vegna aukins afhendingar-öryggis raforku á landsvísu		
Skýring – tillaga - staða	<p>Í fárviðrinu kom í ljós að smávirðjanir í landshlutum þessu nýja þetta. Mikilvægt er að fara yfir kröfur til smávirðjana og drögdrög þannig að þær geti nýst sem „varaafli“ svæða í viðtæku rafmagnsleysi. Starfshópur Orkustofnunar hefur verið að störfum undanfarin ár um smávirðjanir. Hluti af staðbundnum orkulausnum og sjálfbærni. Í samræmi við drög að orkustefnu sem m.a. horfir til hvernig megi tryggja raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf. Yfirfara með hvaða hætti hvatt er eða hvetja mætti til byggingar smávirðjana. Lagt er til að starfshópurinn bæti þessum þætti inn í verkefnið. Sjá LAN-109.</p>		



<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-109 – Smávirkjanir framleiðsla í raforkuskorti		
<b>Lýsing</b>	Yfirfara möguleika smærri virkjana til framleiðslu og stýringa í raforkuskorti		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	RARIK, Orkubú Vestfjarða, Norðurorka o.fl. smáir framleiðendur	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/ Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, landshlutasamtök SSV	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Í fávíðrinu kom í ljós að smærri virkjanir í landshlutum <b>gætu nýst betur</b> sem „varaafli“ inna svæðisins. Mikilvægt er að fara yfir hvaða möguleika smærri virkjanir hafa til slíkrar virkni, t.d. Gönguskarðsárvirkjun o.fl. Sjá LAN-060.		

### 1.7.5 Jarðefnaeldsneyti

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Jarðefnaeldsneyti		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-050 Birgðahald		
<b>Lýsing</b>	Reglur um on-line vísun um birgðastöðu í stórum geymum		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Orkustofnun - Ýmsir aðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma. Birgjar (veitur, olíufélög, aðrir)
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2025	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7	Í samræmi við áherslur er fram koma í stefnu í almannavarna- og öryggismálum	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Í fávíðrinu kom í ljós að ekki voru allir eigendur jarðefnaeldsneytisbirgða og varaafis sér meðvitaðir um stöðu olíubirgða. Mikilvægt er að fylgst sé vel með birgðastöðu og er mögulegt að koma fyrir on-line vísun í stórum geymum sem tengd er miðstöð. Þessar upplýsingar geta nýst vel þegar bregðast þarf skjótt við í vá.		

<b>Innviður / nánar</b>	Orkukerfi - Jarðefnaeldsneyti		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-049 Birgðahald		
<b>Lýsing</b>	Athugun og endurskoðun á fyrirkomulagi lágmarksbirgða eldsneytis um landið		
<b>Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Orkustofnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Í vinnslu	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við drög að Orkustefnu vegna viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir. Kröfur IEA (sem Ísland er ekki aðili að) eru 90 dagar birgðir	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Ísland er ekki formlegur aðili að International Energy Agency, en Evrópureglur kveða á um 90 daga birgðir innan aðildarlandanna. Birgðir á Íslandi eru nokkru lægri en það og sveiflast eftir mánuðum. Ekki er heildaryfirsýn yfir birgðir í landinu. Lagt er til að verkefnið verði tekið upp og tekin ákvörðun um lágmarksbirgðir og stjórnun þeirra, sjá nánar í minnisblaði Orkustofnunar.		



### 1.7.6 Hlutverk og samstarf

Innviður / nánar	Orkukerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-048 Hlutverk Orkustofnunar		
Lýsing	Skilgreining á hlutverki Orkustofnunar vegna viðbragða í vá, undirbúningi, framkvæmd, eftirfylgni, aukin mönnun vegna aukinna verkefna		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti / Orkustofnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Kallar á fjárveitingu vegna mönnunar Orkustofnunar
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna viðbragða við náttúruvá og tenging við almannavarnir	
Skýring – tillaga - staða	Skýra þarf hlutverk og aðkomu Orkustofnunar að undirbúningi og skipulagi viðbúnaðar, eftirliti með framkvæmdum meðan hættuástand varir og úttekt á árangri aðgerða og þeirrar reynslu sem skapast verði tryggð. Einnig sé upplýsingaflæði um stöðu mála tryggt.		

Innviður / nánar	Orkukerfi – Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-086 Mönnun viðbragðsflokka í flutnings- og dreifikerfinu		
Lýsing	Yfirferð á mönnun viðbragðsflokka m.t.t. nauðsynlegra viðbragða í veðurvá og styrkingar flutningskerfis/ dreifikerfis		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Landsnet/dreifiveitur	Orkustofnun	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2021	Í vinnslu	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, öll landshlutasamtök	Drög að orkustefnu vegna viðbragða við náttúruvá og tengingu við almannavarnir. Einnig stefna í almannavarna- og öryggismálum 2019-2022	
Skýringar – tillaga - staða	Fyrir fárviðrið undirbyggju fyrirtækin aðgerðir með því að flytja efni og mannafla milli svæða. Í viðbragði var fengin aðstoð annarra veitufyrirtækja og viðbragðsaðila bæði hvað varðaði mannafla og búnað. Vegna viðbragða á vettvangi er mikilvægt er að farið sé yfir mönnun viðbragðsflokka í flutnings- og dreifikerfi, staðsetningu og mönnun starfsstöðva.		

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-058 Efling NSR samstarfsins		
Lýsing	Uppbygging gagnagrunns, fræðsla, æfingar, samræming viðbragða og fjármögnun		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Landsnet	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Orkustofnun	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2021	Í vinnslu	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna viðbragða við náttúruvá og tengingu við almannavarnir. Einnig stefna í almannavarna- og öryggismálum 2019-2022	
Skýring – tillaga - staða	Neyðarsamstarf raforkukerfisins hefur síðan 2006 styrkt samstarf og viðbragðsgetu í raforkukerfinu í vá. Samstarfið er ekki viðbragðsaðili, en styður þátttakendur sína í forvörnum og undirbúningi viðbragða við vá m.a. með fræðslu, samhæfingu í undirbúningi viðbragða og sameiginlegum æfingum. Samstarfið hefur fram að þessu verið rekið innan tekjumarka Landsnet og hefur það staðið stærri verkefnum fyrir þrifum. Þörf er á uppbyggingu gagnagrunns yfir neyðar- og öryggisbúnað sem þátttakendur geta deilt með sér í vá.		





### 1.7.7 Nýting auðlinda og nýsköpun

Innviður / nánar	Orkukerfi – Varmi		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-068 Ábyrg nýting náttúruauðlinda		
Lýsing	Yfirferð á hvernig bæta má nýtingu varma til hitaveitu		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Orkustofnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2021	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, landshlutasamtök FV	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna áætlaðrar orkuþarfar til langs tíma, ábyrgrar nýtingar auðlinda	
Skýring – tillaga - staða	Fram hefur komið að jarðhitaauðlindir landsins eru ekki ótæmandi og gera þarf áætlanir um bættu nýtingu á jarðvarma. Verkefnið getur falið í sér allt frá skipulagningu á nýtingu jarðhitasvæða til endurskoðunar á kröfum til einangrunar húsa og leiðbeininga til almennings um hitastýringu og sparnað. Verkefnið verði skilgreint og unnið í samstarfi yfirvalda og veitufyrirtækja.		

Innviður / nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-090 – Snjallvæðing vega, raforka		
Lýsing	Samráð aðila þannig að tryggt verði að gert sé ráð fyrir svæði til lagningar strengja meðfram þjóðvegum í hönnun vegaf framkvæmda		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Vegagerðin, samvinna v.raforkuflutnings og dreifiveitur	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2022	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, RARIK	Í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína þar sem segir jarðstrengi skal svo sem kostur er leggja meðfram vegum	
Skýring – tillaga - staða	Raforkufyrirtækin og Vegagerðin eru mjög fylgjandi aðgerðinni. Á bæði við um strenglagnir svæðisbundnum flutningskerfum (66kV) og strenglagnir dreifikerfis. RARIK hefur sent Vegagerðinni formlegt erindi og Vegagerðin hefur útnefnt tvo aðila í vinnuhóp til að ræða málið. RARIK leggur til verkefnisstjóra og fulltrúa í hópinn. Góð samvinna er milli Vegagerðar, fjarskipta og veitufyrirtækja í þéttbýli um strenglagningar meðfram götum. Sjá einnig LAN-020 fjarskipti, LAN-104 samgöngur.		

Innviður -/ nánar	Orkukerfi - Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-047 Nýsköpun		
Lýsing	Efling nýsköpunar og rannsókna í orkukerfinu		
Ábyrgð frkv./Eftirfylgni / Fjármögnun	Orkustofnun í samvinnu við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Kallar á fjárveitingu
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2030	Nýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna aukinna rannsókna, m.a. varðandi nýja orkukosti	
Skýring – tillaga - staða	Mikilvægt er að efla rannsóknir á sviði orkumála til að Ísland haldi forystu sinni á því sviði á alþjóðlegum vettvangi og nýsköpun á sviði orkumála eflist. Meðal annars er minnst á styrkingu afhendingaröryggis jarðarsettra byggða, samstarf við Nordisk Energiforskning.		



## 1.8 Samgöngukerfi

### 1.8.1 Allir þættir

Innviður -/ nánar	Samgöngukerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-089 – Varaafl-Uppbygging		
Lýsing	Yfirferð á núverandi stöðu varaafis í raforku- og fjarskiptakerfum og mat á þörf fyrir uppbyggingu (flugvellir, vegagerð, hafnir). Sjá eftirfylgni: VEL-22, VEF-28, NOV-29, NOE-41, AUS-26, SUL-25, SUN-19, HÖF-21.		
Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	ANR/OS-raforka SRN/PFS-fjarskipti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.8	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt	
Skýring – tillaga - staða	Í samræmi við niðurstöður greiningar verði gerð áætlun um uppbyggingu varaafis í öllum landshlutum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/Orkustofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Orkustofnun yfir varaaf í raforkukerfi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Póst- og fjarskiptastofnunar yfir varaaf í fjarskiptakerfi. Sjá aðgerðir um yfirsýn LAN-105 og LAN-111.		

Innviður -/ nánar	Samgöngukerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-091 Rannsóknir í samgöngnum		
Lýsing	Framlag er í samgönguáætlun 2019-2023 til ýmissa rannsóknarverkefna		
Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2023	Á áætlun	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.8	Í samræmi við markmið í þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. <a href="https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html">https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html</a> , Samgönguáætlun <a href="https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0927.pdf">https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0927.pdf</a>	
Skýring – tillaga - staða	--		

Innviður -/ nánar	Samgöngukerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-121 – Samgönguáætlun 2.tímabil 2024-2028		
Lýsing	Framkvæmdir á Samgönguáætlun 2.tímabili á landi, sjó og í lofti, sjá VEL-50, VEF-59, NOV-58, NOE-76, AUS-56, SUL-51, SUN-41, HÖF-40		
Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin, ISAVIA	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Kallar á fjárveitingu í fjármálaáætlunum næstu ára m.a.2021-2025/ 2024-2028
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2024-2028	Á áætlun	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.8	Í samræmi við Samgönguáætlun 2019-2033	
Skýring – tillaga - staða	Sjá framkvæmdir í hverjum landshluta.		



Innviður -/ nánar	Samgöngukerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-122 – Samgönguáætlun 3.tímabil 2029-2033		
Lýsing	Framkvæmdir á Samgönguáætlun 3.tímabili á landi, sjó og í lofti, sjá VEL-51, VEF-60, NOV-59, NOE-77, AUS-57, SUL-52, SUN-42, HÖF-41		
Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin, ISAVIA	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Kallar á fjárveitingu í fjármálaáætlunum næstu ára m.a.2021-2025/ 2029-2033
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2029-2033	Á áætlun	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8	Í samræmi við Samgönguáætlun 2019-2033	
Skýring – tillaga - staða	Sjá framkvæmdir í hverjum landshluta.		

## 1.8.2 Á landi

Innviður -/ nánar	Samgöngukerfi - Á landi		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-070 Upplýsingar/fræðsla til almennings um öryggi á vegum		
Lýsing	Greining á upplýsingaþörf til almennings í kjölfar fárviðrisins, út frá álagi á upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar		
Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, Vegagerðin	Í samræmi við markmið í þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. <a href="https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html">https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html</a>	
Skýring - tillaga - staða	Í fárviðrinu bárust fjöldamörg símtöl til umferðarþjónustu Vegagerðarinnar, til að minnka álag á þjónustuna er mikilvægt að greina þær upplýsingar sem óskað var eftir og finna leiðir til að veita þær á annan hátt, svo sem í fréttatístum á samfélagsmiðla eða á vef, sjá greinargerð Vegagerðar lið 1.		

Innviður -/ nánar	Samgöngukerfi – Á landi		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-071 Öryggi á vegum - lokanir		
Lýsing	Ákvarðanataka um lokanir, aðkoma lögreglu		
Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerð í samstarfi við lögreglu	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, Vegagerð, landshlutasamtök FV, Eyþing	Í samræmi við markmið í þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. <a href="https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html">https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html</a>	
Skýring - tillaga - staða	Fyrirkomulag lokana á vegum vegna veðurs og ófærðar hefur gefist vel. Finna þarf vettvang fyrir meiri aðkomu lögreglu að lokunaráætlunum vega. Þörf á vel tímasettri upplýsingagjöf og ákvörðunum varðandi óvissustig áleiðum um land allt, innan og milli landshluta sem og lögregluumdæma. Sjá nánar greinargerð Vegagerðar lið 4.  Innlegg frá landshlutasamtökum, FV: Skýrt verklag um lokanir vega. Vegum sé ekki lokað vegna veðurspár ef spá raungerist ekki. Kanna möguleika á „fylgdarakstri“ að norskrí fyrirmynd í stað algjörra lokana, sérstaklega innan atvinnusvæða.		



Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2021	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.8, Vegagerðin	Í samræmi við markmið í þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. <a href="https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html">https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html</a>	
Skýring - tillaga - staða	Í kjölfar fávíðrisins féll snjóflóð í Ljósavatnsskarði niður á Þjóðveg 1. Þörf er á að eiga færanleg lokunarhlíð með ljósabúnaði til að tryggja vettvang við slíkar eða sambærilegar aðstæður, sjá greinargerð Vegagerðar lið 4.		

	Samgöngukerfi - Á landi		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-073 Öryggi vegfarenda - upplýsingaskilti		
Lýsing			
Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2022	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.8, Vegagerðin	Í samræmi við markmið í þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. <a href="https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html">https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html</a>	
Skýring - tillaga - staða	Mikilvægt er fyrir öryggi vegfarenda að greindir verði þeir staðir sem hættu getur verið á náttúruvá og sett upp rafræn upplýsingaskilti, sjá NOE-27.		

	Samgöngukerfi – Á landi		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-104 – Snjallvæðing vega, raforka og fjarskipti		
Lýsing			
Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun	Vegagerðin í samvinnu við raforkufyrirtæki	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti /Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.8, OV	Sjá LAN-003 Allir innviðir. Í samræmi við lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019	
Skýring - tillaga - staða	Staða: Fyrirtækin eru mjög fylgjandi aðgerðinni. Á bæði við um strenglagnir svæðisbundnum flutningskerfum (66kV) og strenglagnir dreifikerfis. RARIK hefur sent Vegagerðinni formlegt erindi og Vegagerðin hefur útnefnt tvo aðila í vinnuhóp til að ræða málið. RARIK leggur til verkefnisstjóra og fulltrúa í hópinn. Góð samvinna er milli Vegagerðar, fjarskipta og veitufyrirtækja í þéttbýli um strenglagningar meðfram götum. Sjá einnig LAN-090 raforka, LAN-020 fjarskipti.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi – Á landi		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-127 Öryggi vegfarenda – ýmsir þættir		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð tillagna: Ýmsir þættir, yfirfara ábendingar landshlutasamtaka sveitarfélaga, sjá VEL-48, VEF-58, NOE-75, SUN-40, LAN-071		
<b>Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Samgönguráð í samvinnu við byggðaráð og umferðaröryggisráð	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2022	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, öll landshlutasamtök	Í samræmi við markmið í þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. <a href="https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html">https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html</a>	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Samgönguráð fari yfir allar greinargerðir og tillögur Landshlutasamtaka sveitarfélaga. Óskað var aukinnar þjónustu (SSS, FV), eflingu starfsstöðva (öll landshlutasamtök), afnám G-reglu, aðgerða til að draga úr vindstrengjum, úrbætur á vegriðum/vegköntum (FV), hálendisvegur (Eyþing). Sjá einnig SUN-29, SUL-39, HÖF-26.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi – Á landi		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-128 Einbreiðar brýr		
<b>Lýsing</b>	Fækkun einbreiðra brúa		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2024	Á áætlun	Skammtíma og langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8	Í samræmi við greinargerðir með samgönguáætlunum fyrir árin 2020-2024 og 2020-2034.	
<b>Skýringar – tillaga - staða</b>	Samgönguráð í samvinnu við Vegagerðina hefur í tillögum sínum að samgönguáætlunum gert tillögur um fækkun einbreiðra brúa. Tillögurnar byggja á svartblettagreiningu, umferðapunga og öðrum áætluðum framkvæmdum s.s. vegstyttingum með nýrri veglínu. Ekki er um hagkvæma nýtingu fjár að ræða ef tvöfaldaðar eru brýr á vegkafla sem til stendur að leggja af innan fárra ára. Margar framkvæmdirnar eru á þjóðvegi 1. Á þjóðvegum eru 677 einbreiðar brýr og þar af eru 36 einbreiðar brýr á hringveginum. Miðað er við að þeim fækki um níu á tímabilinu.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi – Á landi		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-133 – Samgönguáætlun 2020-2034		
<b>Lýsing</b>	Framkvæmdir á Samgönguáætlun 2020-2033 á landi, sjá VEL-60, VEF-68, NOV-64, NOE-85, AUS-62, SUL-58, SUL-47, HÖF-48		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Kallar á fjárveitingu í fjármálaáætlunum næstu ára
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2034	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8	Í samræmi við Samgönguáætlun 2020-2024 sem er í meðförum hjá Alþingi þegar skýrslan er gefin út	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Sjá framkvæmdir í hverjum landshluta.		



### 1.8.3 Á sjó

<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi – Á sjó		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-075 Hafnir-hönnunarforsendur		
<b>Lýsing</b>	Endurskoðun hönnunarforsendna sjóvarna vegna óveðra og loftslagsbreytinga, sjá LAN-079		
<b>Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/Fjármögnun</b>	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2030	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, Vegagerðin	Nánar í lögum um sjóvarnir nr. 28/1997	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Hluti af frumrannsóknnum í hafnamálum, LAN-079.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi - Á sjó		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-076 Leyfisveitingaferli vegna framkvæmda í höfnum		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á leyfisveitingaferli, reglugerðum og/eða lögum – dýpkunarframkvæmdir, sjá einnig LAN-056 Orkukerfi		
<b>Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/Fjármögnun</b>	Vinnuhópur átakshóps um leyfisveitingar	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, Vegagerðin	Almenn áhersla hjá stjórnvöldum um að einfalda leyfisveitingar þar sem tækifæri eru til staðar	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Undanfarin ár hefur ferli leyfisveitinga, skipulagsbreytinga, mats á umhverfisáhrifum og öðrum þáttum undirbúningsframkvæmda vegna hafnaframkvæmda þungst til muna, mikilvægt er að einfalda ferlið, sjá einnig LAN-009 fjarskipti, LAN-056 raforka.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi - Á sjó		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-077 Rafvæðing hafna/skipa		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð möguleika á tengingu skipaflota í höfn við rafdreifikerfi, sem varaafli í tengslum við stefnumótun vegna orkuskipta		
<b>Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/Fjármögnun</b>	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2018-2030	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, Vegagerðin, öll landshlutasamtök	Skv. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030 sem kveður á um rafvæðingu hafna	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Í rafmagnsleysi er í dag unnt að tengja varðskipið Þór við dreifikerfi byggðakjarna sé réttur búnaður til staðar LAN-065. Mikilvægt er að hugað sé að því við uppbyggingu raforkukerfa hafna vegna Orkuskipta að ekki sé einungis unnt að fæða skip frá dreifikerfi byggðakjarna heldur einnig að unnt sé að fæða dreifikerfi byggðakjarna frá skipi sé um raforkuskort í landi að ræða.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Samgöngukerfi - Á sjó		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-078 Ölduspá vegna sjóvarna		
<b>Lýsing</b>	Bættur hugbúnaður fyrir „Veður og sjólag“		
<b>Ábyrgð frkv. /Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Vegagerðin	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2021-2022	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.8, Vegagerðin	Nánar í lögum um sjóvarnir nr. 28/1997	
